

2000080019

1604; 9310

Mosfellsbær
Tryggvi Jónsson, bæjarverkfræðingur og skipulagsfulltrúi
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 13. september 2000

/--

Efni: Tengibrautin Baugshlíð í Mosfellsbæ. Ákvöðrun um matsskyldu

Vísað er til erindis Mosfellsbæjar, dags. 10. ágúst 2000, þar sem samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er tilkynnt fyrirhuguð framkvæmd við tengibrautina Baugshlíð í Mosfellsbæ, frá Lækjarhlíð að Vesturlandsvegi.

Í erindi Mosfellsbæjar kemur fram að samkvæmt gildandi aðalskipulagi liggur tengibraut, Baugshlíð, frá Vesturlandsvegi vestan Skálatúns og hefur hluti hennar þ.e. frá Bogatanga að Lækjarhlíð verið byggður. Framkvæmdin er á Vegaáætlun 2003 en Mosfellsbær hefur óskað eftir að framkvæmdum verði flýtt og þær hefjist á næsta ári. Hönnun götunnar miðast við tveggja akreina veg og er áætluð umferð 5000-6000 bílar á sólarhring að meðaltali á ári. Samkvæmt útreikningum á hljóðstigi frá umferð um Baugshlíð má gera ráð fyrir að það fari yfir 55 dB(A) og er gert ráð fyrir að komið verði fyrir 1,5 - 2,0 m hárrí hljóðmön næst veginum sem myndi tryggja viðunandi ástand í tveggja hæða húsum næst veginum. Deiliskipulag fyrir Baugshlíð að Klapparhlíð hefur verið auglýst.

Með bréfi dags. 21. ágúst 2000 leitaði Skipulagsstofnun álfis Mosfellsbæjar á matsskyldu framkvæmdarinnar ásamt upplýsingum um landnýtingu og fornelfar á svæðinu. Einnig var leitað álfis Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, með bréfi dags. 21. ágúst 2000. Svar Mosfellsbæjar barst með bréfi dags. 30. ágúst 2000 og Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis með bréfi dags. 4. september 2000.

Í svari Mosfellsbæjar kemur fram að framkvæmdasvæðið er á gömlum framræstum túnum í eigu Mosfellsbæjar en á mörkum lands Blikastaða. Samkvæmt aðalskipulagi er gert ráð fyrir stofnana- og þjónustusvæði næst Lækjarhlíð til suðurs og útivistar- og stofnanasvæði til norðurs. Þaðan er gert ráð fyrir íbúðabyggð að stofnanasvæði við Skálatún að austanverðu. Vestan brautarinnar í landi Blikastaða er gert ráð fyrir íbúðabyggð. Þá kemur fram að Þjóðminjasafn Íslands telur að af gögnum stofnunarinnar verði ekki séð að fornleifum veðri spillt við framkvæmdirnar eins og þeim er lýst. Mosfellsbær telur í ljósi viðmiða í 3. viðauka

laga nr. 106/2000 að ekki sé um matsskylda framkvæmd að ræða.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis telur að hávaði sé sá þáttur sem helst þurfi að skoða í tengslum við framkvæmdina og að nauðsynlegt sé að byggja nægilega háa hljóðmön sem skýli íbúðarhúsum og skólalóð fyrir hávaða. Stofnunin telur framkvæmdina ekki matsskylda með hliðsjón af 3. viðauka, lið 1 iv, v og vi.

Niðurstaða

Mosfellsbær tilkynnti fyrirhugaða framkvæmd við tengibrautina Baugshlíð í Mosfellsbæ til Skipulagsstofnunar með tilvísun til 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Um er að ræða tengibraut í þéttbýli sem samkvæmt 6. gr. og lið 10b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram við tilkynningu, aflað frekari upplýsinga frá Mosfellsbæ og fengið álit Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Að mati Skipulagsstofnunar mun framkvæmdin eins og hún er kynnt ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif verði við hönnun götunnar og deiliskipulag aðliggjandi hverfa tryggt að hávaði vegna umferðar um Baugshlíð fari ekki yfir viðmiðunarmörk 55 dB(A). Stofnunin bendir á að æskilegt sé að miða við leiðbeiningamörk 45 dB(A), reglugerðar um hávaða nr. 933/1999.

Tenging Baugshlíðar við Vesturlandsveg er í samræmi við úrskurð skipulagsstjóra ríkisins um mat á umhverfisáhrifum Vesturlandsvegar, dags. 23. október 1995.

Með hliðsjón af 3. viðauka laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum er niðurstaða Skipulagsstofnunar sú að fyrirhuguð lagning tengibrautarinnar Baugshlíð í Mosfellsbæ skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 18. október 2000.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Fylgiskjöl:

Álit Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dags. 4. september 2000

Afrit.

Umhverfisráðuneytið

Heilbrigðiseftirlit Kjörsarsvæðis